

## Fundur atvinnu- og umhverfisnefndar Flóahrepps 30.ágúst 2018

Mættir: Ingunn Jónsdóttir, Íris Grétarsdóttir, Almar Sigurðsson, Walter Fannar Kristjánsson og Axel Einarsson

### Dagskrá fundar:

- Farið yfir samþykktir nefndarinnar og önnur tæknileg atriði.
  - Fundarritun
    - Ákveðið að nefndarmenn skiptist á að rita fundargerðir
  - Umhverfisverðlaun
    - Farið yfir verkferla
  - Mætingar og varamenn
    - Nefndarmenn samþykkja að hver og einn sé ábyrgur fyrir því að kalla til varamann í sinn stað, sjái hann ekki fram á að komast á fund.
- Skipulag og tíðni funda fyrir veturinn
  - Mánaðarlega / sept – okt – nóv – jan – feb – mars – apr – maí
    - Ákveðið að hafa fundi kl.16:00 í Fjölheimum
    - Næsti fundur verður 20.sept
- Tillaga að verka/áherslu skiptingu
  - Atvinnuþáttur
  - Umhverfisþáttur
    - Ákveðið að nefndarmenn skipti lauslega með sér verkefnum eftir áhugasviði
- Dagskrá vetrarins og skipulag
  - Allir koma með hugmyndir af efni fyrir næsta fund
    - Skoða ma. hvernig aðkomu við getum haft að stofnun „Reko“ hóps
- Kynning á verkefninu „Umhverfis Suðurland“
- „Grænfáni“ fyrir sveitarstjórnarskrifstofuna
  - Fara yfir hvaða leiðir eru færar og senda tillögu til sveitastjórnar eftir næsta fund atvinnu- og umhverfisnefndar.
- Önnur mál
  - Ósk um viðveru á upplýsingafundi með sveitastjórn og framkvæmdaaðilum við Skeiðavegamót vegna óska um breytingu á skipulagsgögnum, **miðvikudaginn 5. sept. klukkan 11:30 í Þingborg.**
    - Fulltrúar atvinnu- og umhverfisnefndar munu mæta.
    - Nefndarmenn munu jafnframt fjalla formlega um erindið á næsta fundi nefndarinnar eftir kynningarfundinn.
  - Ósk um þátttöku í fyrsta áfanga í mótun umhverfis- og auðlindastefnu fyrir Suðurland.
    - Ingunn verður á fundinum í Hveragerði sem starfsmaður SASS en mun miðla til nefndamanna þeirri vinnu sem þar fer fram.

Fundi slitið kl.16:30